




Reykjavík, 2. febrúar 2023

Stigahlíð 68A – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa (SN220649)

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. janúar 2023 var lögð fram fyrirspurn Petru Bragadóttur, dags. 11. október 2022, um stækkun hússins á lóð nr. 68A við Stigahlíð, samkvæmt tillögu Nordic ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. febrúar 2023.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag/ Hverfisskipulag.



Annað

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu er Stigahlíða 68a á svæði afmarkað fyrir íbúabyggð.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulagsbreyting fyrir Stigahlíð 68 sem var birt í B-deild stjórnartíðinda þann 22. mars 2007. Skv. þessari deiliskipulagsbreytingu er viðbygging ekki heimiluð. Vinna er í gangi við hverfisskipulag fyrir Hlíðar sem gert er ráð fyrir að verði auglýst vorið 2023.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til þess hvort heimilt sé að koma fyrir 60 fm viðbyggingu suðaustan við núverandi íbúðarhús í u.þ.b. 5 metra fjarlægð frá lóðamörkum m.a. vegna kvaða Veitna á lóðinni.

Skv. drögum að skilmálum hverfisskipulags fyrir skilmálaeiningu 3.2.4, sem Stigahlíð 68a tilheyrir, er gert ráð fyrir að heimilt verði að byggja viðbyggingar við sérbýlishús innan skilmálaeiningarinnar ef nýtingarhlutfall lóðar leyfir. Leiðarvísir um útfærslu viðbygginga er í leiðbeiningum hverfisskipulags fyrir [Einbýlishús](#). Niðurstöður um útfærslu skilmála fyrir hverfisskipulag Hlíða, þ.m.t. stærðir viðbygginga við sérbýlishús, liggur ekki fyrir.

Niðurstaða

- Ekki er heimild fyrir viðbyggingum skv. núverandi deiliskipulagi. Lóðarhafa er bent á að kynna sér tillögur að hverfisskipulagi í Hlíðum þegar skipulagið verður auglýst.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Ævar Harðarson arkitekt/deildarstjóri hverfisskipulags